

Stjórn Vinstrireyfingarinnar – græns framboðs

Stjórnarfundur, Hallveigarstöðum

2. mars 2018

Mætt: Katrín Jakobsdóttir, Edward Huijbens, Ingibjörg Þórðardóttir, Ingvar Arnarson, Gyða Dröfn Hjaltadóttir (UVG), Kári Gautason (þingflokkur), Björg Eva Erlendsdóttir (skrifstofu), Anna Lía Björnsdóttir (skrifstofa), Anna Guðrún Þórhallsdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir (sveitarstjórnarráð), Ragnar Karl Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppe (þingflokkur), Bergþóra Benediktsdóttir (þingflokkur), Una Hildardóttir, Daníel E. Arnarsson, Bjarni Jónsson (fjarfundi).

Katrín Jakobsdóttir stýrir fundi

Daníel E. Arnarsson ritar fund

Fundur settur kl. 15.12

1. Samþykkt síðustu fundargerðar

Fundargerð samþykkt

2. Staða framboðsmála fyrir sveitarstjórnarkosningar 2018

Katrín Jakobsdóttir fer yfir framboðsmál víðsvegar um landið. Ingibjörg Þórðardóttir gerir grein fyrir stöðunni á austurlandi, þ.á.m. á Fljótsdalshéraði, Fjarðarbyggð og á Seyðisfirði. Bjarni Jónsson segir frá stöðu mála í Skagafirði, Blönduósi og Húnaþingi Vestra. Ingvar Arnarson skýrir út málin suður í Garðabæ. Sóley Björk greinir okkur frá starfshópi sveitarstjórnarráðs. Áætlað er að halda sveitarstjórnarráðstefnu 14. apríl nk.

Þóra Elfa Björnsson tekur sæti á fundinum kl. 15.40

3. Forvalið í Reykjavík

Anna Lía gerir grein fyrir kosningu og kosningabátttöku í forvali VG í Reykjavík. Umræður stjórnarmanna.

4. Ferðir varaformanns, með þingmönnum og skrifstofu í aðdraganda kosninga seinna í mánuðinum

Varaformaður hreyfingarinnar kynnrir fundarherferð hringinn í kringum landið ásamt sveitarstjórnarfólki og þingmönnum. Stungið upp á því að fara ferðina eftir sveitarstjórnarráðstefnu. Sjö daga dagskrá kynnt fyrir fundinum. Varaformaður heldur áfram að skipuleggja ferðina og mun kynna fyrir stjórn síðar.

5. Afmæli VG, sagan öll

Á síðasta fundi var skipuð afmælisnefnd sem átti að athuga söguritun Vinstri grænna. Framkvæmdastýra ásamt nefndinni heldur áfram sinni vinnu við að leita að fýsilegum sagnaritara. Einnig verður haldin afmælishátíð á næsta ári. Afmælisnetfang hefur verið sett í loftið afmaeli@vg.is

6. Uppfærð fjárhagsáætlun

- a. Nánari útfærsla á styrk til hreinna framboða VG. Sérstakir styrkir fyrir þá sem þurfa að leigja kosningaskrifstofur
- b. Miðlægur kostnaður, heimasíða, sveitarstjórnarráðstefna, hönnun, varningur, ferðalög og laun

Björg Eva, framkvæmdastjóri, leggur fram breytta fjárhagsáætlun með tilliti til afmælisárs og sveitarstjórnarkosninga. Minnisblað framkvæmdastjóra um framlög til framboða fyrir sveitarstjórnarkosninga lagt fram til kynningar og umræðu. Þessi uppfærðu skjöl eru innan fjárhagsáætlunar.

7. Stjórn málaástandið

Katrín Jakobsdóttir og Kolbeinn Óttarsson Proppe gera grein fyrir stjórn málaástandinu. Umræður.

8. Þátttaka 11. maí á stjórnarfundum og 14. apríl á sveitarstjórnarráðstefnu

Vakin athygli á stjórnarfundum á Akureyri 11. maí, sameiginlegur fundur með þingflokki Vinstri grænna.

Daníel Arnarsson vikur af fundi 17:45

Einar Bergmundur og Bjarni Jónsson vikja af fundi 17:58

Daníel E. Arnarsson tekur sæti á fundi á ný kl. 18.00

9. Önnur mál

- a) Varaformaður ferðaðist til Bergen og sagði frá ferðinni
- b) Framkvæmdastjóranefnd átti fund með Ríkisendurskoðun
- c) Áhyggjur af fjárframlagi til almennra félagasamtaka

Fundi slitið 18:19